

Snepill

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Ábyrgð: Haukur Harðarson

Fréttir af raunfærnimati

No. 2/2016
Október

EVROPURÁÐSTEFNA UM RAUNFÆRNIMAT (VPL)

The user at the centre!



The practice of validating prior learning outcomes

Ráðstefnan verður haldin 26. og 27. apríl 2017 í Aarhus í Danmörku, og nú er búið að opna fyrir skráningu á vefslóðinni <http://vplbiennale.com/>. Ráðstefnugjald er 240 evrur en með því að skrá sig fyrir áramót er veittur 40 evru afsláttur. Til viðbótar kemur síðan flug og hótél.

Dagskrárdrög eru á vefsíðunni, búið er að festa aðalfyrirlesara og ákveða efnisflokka í vinnustofum. Vinnustofurnar eru 15 og verða byggðar upp með þeim hætti að fyrst koma tvö til þrjú stutt innlegg um viðkomandi efni og síðan er unnið með það frekar. Meðal efnisflokka í vinnustofum má nefna: VPL in working life, The Concept of Competence and the Challenge of Competence Assessment, NQF, national qualification frameworks and VPL, Validation and new technologies og Guidance in VPL.

FA gerir ráð fyrir því að fyrir áramótin þá munum við taka saman yfirlit yfir þátttakendur frá Íslandi, koma á fjarfundi og ræða praktísk mál eins og hótél og hittinga.

Á ráðstefnunni verða veitt Global VPL Prize awards. Þið getið lesið meira um þau inna á vefnum, þar er bæði að finna upplýsingar um áherslur og einnig hvernig hægt er að tilnefna verkefni til verðlauna. Um að gera að skoða hvort verkefni sem þið hafið komið að eigi ekki erindi á verlaunapall.

VALIGUIDE – NÝR VEFUR <http://nvl.org/valiguide/>

Vefur fyrir hagsmunaaðila og þau sem vinna við raunfærnimat. Vefurinn útskýrir hvað raunfærnimat er og hvernig ferlið er byggt upp. Einnig er fjallað um hæfnikröfur þeirra sem vinna við framkvæmd og gefin góð ráð.

ValiGuide

Til viðbótar á vefnum er að finna tengla á efni frá norðurlöndunum sem tengist raunfærnimati. Þar er margt áhugavert að finna sem gefur innsýn inn í þeirra áherslur og gæti einnig nýst til að þróa okkar vinnulag. Vefurinn er samstarf Finnlands, Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Íslands og verkefnið er styrkt af Nordplus.

RAUNFÆRNIMATSVERKEFNI – TÖLFRÆÐI OG SKILAGREINAR

Gögnum vegna uppgjors á raunfærnimatsverkefnum á að skila til Guðrúnar Erlu, guðrunerla@frae.is. Það á jafnt við um tölfræði og skilagreinar um framkvæmd verkefna. Hún mun síðan deila þeim innanhúss eftir því sem við á. Skilablöð er að finna á [vef FA](#). Munið að nú eru komin ný form fyrir tölfræði og vegna skráningar í INNU.

NÆSTA NÁMSKEIÐ

Næsta námskeið um raunfærnimat verður haldið 28. og 29. nóvember n.k. ef næg þátttaka næst. Lágmarksþátttaka er 10 manns. Endilega látið Hauk haukur@frae.is vita ef þið eruð með hugsanlega þátttakendur. Það verður send út auglýsing þegar nær dregur.